



Sauðárkróki 15. október 2014

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um bráðaaðgerðir í byggðamálum, mál 19.

Tillögur sem gerðar eru í þingsályktunartillögunni falla að mörgu leyti ágætlega að þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017 sem samþykkt var á Alþingi 12. maí 2014. Má í því sambandi benda á að 1. aðgerð fyrirbyggjandi tillögu fellur að kafla 3.4 í byggðaáætlun, aðgerð 2 fellur að kafla 1.3, aðgerð 3 að kafla 2.3, aðgerð 4 að kafla 2.3a og 2.3b, aðgerð 5 að kafla 1.2, aðgerð 8 að kafla 1.1, aðgerð 9 að kafla 1.2 og aðgerð 10 að kafla 2.3b.

Fram kemur í greinargerð fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu að þær 11 aðgerðir sem eru tilgreindar séu allar í samræmi við samþykktu byggðaáætlun.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
*Sérfræðingur á þróunarsviði
Bygðastofnunar.*

Akureyri 16. október 2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá atvinnuveganefnd Alþingis **tillögu til þingsályktunar um bráðaaðgerðir í byggðamálum, 19. mál.**

Stjórn Eyþings mælir með samþykkt tillögunnar. Þau verkefni sem upp eru talin eru í fullu samræmi við áherslur Eyþings og sem flest hafa ítrekað verið tilgreind á aðalfundum samtakanna.

f.h. stjórnar Eyþings

Pétur Þór Jónasson
framkvæmdastjóri

15. október 2014

Til nefndasviðs Alþingis.

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi nefndasvið Alþingis, dags. 26. september 2014, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar á þingsályktunartillögu um bráðaaðgerðir í byggðamálum, 19. mál. Landgræðslan gerir engar efnislegar athugasemdir við tillöguna eins og hún liggur fyrir, en vill þó benda á eftirfandi.

Landgræðslan hefur lokið við gerð svokallaðra héraðaáætlana, en það er skrár yfir rofsvæði um allt land þar sem landbóta er þörf. Um er að ræða 325 svæði sem alls eru talin 1,2 millj. ha að flatarmáli og er þessi skrá þó ekki tæmandi. Svæðin, sem eru flest neðan 500 m hæðarlínu og mörg hver á láglendi og jafnvel í byggð, hafa verið flokkuð eftir alvarleika rofs, aðgengi, yfirborði, hæð og eignarhaldi og þeim hefur verið forgangsraðað í svæði þar sem mjög brýnt er að hefja uppgræðsluaðgerðir, þar sem slíkt er brýnt og þar sem það er ekki eins brýnt. Í héraðaáætlunum Landgræðslunnar eru 126 svæði, um 370 þús. ha að flatarmáli þar sem talið er mjög brýnt að hefja aðgerðir, 114 svæði, um 250 þús. ha að flatarmáli þar sem talið er brýnt að hefja uppgræðsluaðgerðir og 85 svæði, um 600 þús. ha þar þörfin er e.t.v. ekki eins brýn og á hinum. Í þessu eru faldir verulegir atvinnumöguleikar um allt land, en eðli málsins samkvæmt fremur í dreifbýli en þéttbýli. Ef ákvarðanir eru teknar fljótlega er ekkert því til fyrirstöðu að hefjast handa strax næsta vor, en uppgræðsluaðgerðir standa að öllu jöfnu yfir í 2-3 mánuði, þ.e. frá seinnihluta apríl og fram undir miðjan júlí, breytilegt eftir landshlutum, landgerð, hæð yfir sjó o.s.frv. Jarðvegsrof og gróðureyðing er án efa eitt mesta umhverfisvandamál Íslendinga og af atvinnuátaki í landgræðslu yrði margháttaður ávinningur. Slíkt átak myndi skapa verulega atvinnu, sérstaklega á landsbyggðinni, komið yrði í veg fyrir áframhaldandi rof og jarðvegs- og gróðureyðingu með endurheimt laskaðra eða jafnvel glataðra vistkerfa og síðast en ekki síst gæti orðið verulegur ávinningur af slíku verkefni í formi kolefnisbindingar, en reiknað er með að hver hektari sem græddur er upp með landgræðslu bindi um 2,5 tonn af CO₂ árlega.

Landgræðslan mun fúslega útfæra þessar hugmyndir nánar verði eftir því óskað.

Með kveðju,
Guðmundur Stefánsson,
sviðsstjóri landverndarsviðs
Landgræðsla ríkisins



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - atvinnuveganefnd
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 8. október 2014

1410052SA KB/agb
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um bráðaaðgerðir í byggðamálum, þingskjal 19 - 19. mál, 144. löggjafarþing 2014-2015, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis 26. september 2014.

Fyrsta landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga á kjörtímabilinu 2014-2018 var haldið á Akureyri 25.-26. september sl. Á landsþinginu ræddu landsþingsfulltrúar stefnumótun sambandsins fyrir kjörtímabilið og samþykkti þingið að vísa drögum að henni til frekari úrvinnslu og afgreiðslu hjá stjórn sambandsins á grundvelli athugasemda sem fram komu á þinginu.

Ýmsar tillögur landsþingsins varða byggðamál. Hér að neðan eru til upplýsingar þær tillögur sem tengjast beint verkefnatillögum ellefu í þingsályktunartillögunni. Þær eru settar fram í sömu töluröð og í henni. Sambandið óskar eftir að fá tækifæri til að kynna stefnumótunina í heild sinni fyrir atvinnuveganefnd þegar stjórn sambandsins hefur samþykkt hana formlega.

1. Sóknaráætlanir landshluta.

Sambandið skal í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga beita sér fyrir eflingu sóknaráætlanaverkefnisins, m.a. með auknum fjárveitingum frá ríkinu, aukinni samþættingu opinberra áætlana og meira forræði heimamanna á uppbyggingu á sínum svæðum.

2. Almenningsamgöngur.

Sambandið skal vinna að því, í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga, að tryggja öruggan laga- og rekstrargrundvöll fyrir heildstætt kerfi almenningsamgangna.

Sambandið beiti sér fyrir því að við stefnumótun um framtíð innanlandsflugs verði ávallt horft til þess að fyrir hluta landsmanna eru flugsamgöngur eini raunhæfi valkosturinn þegar kemur að almenningsamgöngum.

6. Húsnæðismál.

Sambandið skal stuðla að því að Varasjóður húsnæðismála verði áfram bakhjarl sveitarfélaga á svæðum þar sem brestur er á húsnæðismarkaði. Teknar verði upp viðræður við ríkisvaldið um hlutverk og fjármögnun sjóðsins í tengslum við áætlanir um framtíðarskipan húsnæðismála.

Sambandið skal leggja áherslu á að við fyrirhugaðar breytingar á aðkomu ríkisins að húsnæðislánamarkaði verði lögð áhersla á að tryggja áfram jafnan rétt allra landsmanna, hvar sem þeir búa, til húsnæðislána á viðráðanlegum kjörum.

7. Ferðamál.

Sambandið beiti sér fyrir því að ríki, sveitarfélög, landeigendur og ferðapjónustan vinni saman að því að draga úr neikvæðum áhrifum af aukinni umferð ferðamanna á viðkvæma staði í íslenskri náttúru. Áhersla verði lögð á nauðsynlega uppbyggingu á ferðamannastöðum og að umferð ferðamanna verði beint á landsvæði sem þola aukna umferð. Jafnframt verði lögð áhersla á að vegum og öðrum innviðum verði viðhaldið til að þeir þoli þá auknu umferð sem leiðir af fjölgun ferðamanna.

Sambandið skal vinna að því að löggjöf um fjármögnun uppbyggingar á ferðamannastöðum verði endurskoðuð til að fullnægja fyrirsjáanlegri uppbyggingarþörf. Lögð verði áhersla á að lækka eða fella úr gildi kröfu um 50% eigið framlag framkvæmdaraðila og að verklag við styrkveitingar taki mið af því að fjármögnun stærri uppbyggingarverkefna þarf að byggja á áætlun sem tekur til nokkurra ára í senn.

Sambandið skal gæta hagsmuna sveitarfélaga við mótun löggjafar um gjalddöku af ferðamönnum og töku ákvarðana um uppbyggingu innviða til að mæta auknum straumi ferðamanna til landsins. Ekki nægir að veita fjármagni til að vernda og byggja upp aðstöðu á ferðamannastöðum heldur þarf einnig að styrkja samgöngumannvirki og veita fjármagni til viðhalds þeirra til að þau standist aukið álag.

8. Fjarskiptamál.

Sambandið skal leggja sitt af mörkum til að knýja á um markvissa uppbyggingu hágæða fjarskiptakerfis fyrir alla landsmenn, enda er hátt þjónustustig fjarskipta ein grunnforsenda þess að viðunandi búsetuskilyrði séu til staðar um allt land.

9. Orkumál.

Sambandið skal beita sér fyrir því að sveitarfélögin verði virkir þátttakendur í umræðu um framtíðarstefnu í orkumálum, þ.m.t. uppbyggingu flutningskerfis Landsnets, stefnu um lagningu raflína, áherslur í rammaáætlun, skattlagningu á virkjanir og flutningsmannvirki og þróun í nýtingu auðlinda, s.s. vindafli- og sjávarfallavirkjana.


Sambandið skal beita sér fyrir því að sveitarfélögin fái auknar tekjur af raforkuframleiðslu. Þess verði sérstaklega gætt að skatttekjur sveitarfélaga af virkjanamannvirkjum skiptist ekki eingöngu eftir því hvar virkjanamannvirki eru staðsett heldur verði einnig tekið sanngjarnt tillit til umhverfisáhrifa virkjana og flutningskerfis raforku á nærliggjandi sveitarfélög.

11. Heilbrigðismál.

Sambandið skal vinna að því að tryggt verði eins og kostur er að heilbrigðisþjónusta sé örugg og aðgengileg fyrir alla landsmenn. Góð heilbrigðisþjónusta er einn af hornsteinum velferðar á Íslandi og getur skipt sköpum í búsetuvali.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

10. október 2014

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um bráðaaðgerðir í byggðamálum, 19. mál

Tillagan er í ellefu tölusettum liðum. Í umsögn Samorku er fjallað um liði nr. 5 og 9, er snúa að jöfnun húshitunarkostnaðar annars vegar og að uppbyggingu flutnings- og dreifikerfa raforku hins vegar.

Í tölulið 5 segir:

lðnaðar- og viðskiptaráðherra leggi fyrir Alþingi frumvarp um jöfnun húshitunarkostnaðar sem feli í sér að jöfnunargjald verði lagt á alla notendur raforku, þar á meðal stóriðju og aðra stórnotendur.

Að mati Samorku er eðlilegast að hugsanleg félagslegar aðgerðir á vegum stjórnvalda til jöfnunar á orkukostnaði landsmanna verði fjármagnaðar með almennu skattfé, ekki með sérstakri skattlagningu á aðra orkunotendur. Þá vill Samorka vekja athygli á að með fullri niðurgreiðslu á umframkostnaði við húshitun með raforku, þar sem hann er til staðar samanborið við algengan kostnað þar sem jarðhitaveitu nýtur við, yrði í mörgum tilvikum fjarlægður helsti hvatinn til að nýta hagkvæmustu auðlindina – jarðhitann. Þannig myndu forsendur jarðhitaleitar rýrna verulega og slíkt kerfi því vinna gegn hvoru tveggja hagræðingu og sjálfbærni. Ennfremur minnir Samorka á, í ljósi forsendunnar um að slíkt gjald yrði m.a. lagt á stóriðju, að samningar stóriðjufyrirtækja um raforkukaup eru iðulega gerðir til langs tíma og því yrði þátttaka fyrirtækjanna í slíku kerfi væntanlega, a.m.k. í einhverjum tilfellum, háð samþykki þeirra. Loks skal hér minnt á að fyrir þinginu liggur frumvarp (107. mál) um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, en verði það samþykkt mun það hafa veruleg áhrif á þessa mynd, en þó með öðrum hætti en mælt er fyrir um í þessari tillögu til þingsályktunar. Að mati Samorku yrði það hvorki gegnsætt né skilvirkt að taka upp tvö ný jöfnunargjöld á raforkunotkun á einu og sama árinu.

Í tölulið 9 segir:

lðnaðar- og viðskiptaráðherra leggi fram tímasetta og kostnaðargreinda áætlun um uppbyggingu dreifikerfis raforku til að tryggja afhendingaröryggi og fullnægjandi flutningsgetu um land allt.

Að mati Samorku er hér væntanlega átt við *flutningskerfi* raforku sem Landsnet rekur, en ekki einstök dreifikerfi sem sex aðskildar dreifiveitur reka,



ýmist í eigu ríkis, sveitarfélaga eða annarra fjárfesta að hluta til. Texti í greinargerð með tillögunni fjallar enda fyrst og fremst um flutningskerfið.

Samorka hefur árum saman fjallað um nauðsyn þess að efla flutningskerfi raforku og að breyta þurfi starfsumhverfi flutningsfyrirtækisins Landsnets. Nú er svo komið að flutningskerfi raforku annar víða ekki þeirri eftirspurn sem til staðar er og hamlar það þannig þróun atvinnulífs og byggðar. Ekki verður flutningsfyrirtækið, Landsnet, þó sakað um skort á framkvæmdavilja. Skipulags- og leyfisferlin eru hins vegar afar tafsöm og margir aðilar sem geta komið í veg fyrir eða tafið framkvæmdir. Samorka fagnar því þeirri áherslu á mikilvægi uppbyggingar flutningskerfisins, sem fram kemur í tillögunni.

Á vef atvinnuvegaráðuneytis hafa hins vegar verið kynnt drög að frumvarpi til laga um breytingu á raforkulögum, hvers markmið er að kerfisáætlun Landsnets fái traustari grundvöll. Jafnframt er það markmið frumvarpsins að einfalda fyrirkomulag leyfisveitinga þegar kemur að framkvæmdum við flutningskerfið og gera ferla skilvirkari og gagnsærri hvað það varðar. Á vef sama ráðuneytis hafa einnig verið til kynningar drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Ætlunin mun vera að bæði mál verði til umfjöllunar á Alþingi í haust. Að mati Samorku myndi samþykkt beggja mála stuðla að eflingu flutningskerfis raforku til framtíðar (þótt samtökin áskilji sér auðvitað rétt til að gera athugasemdir við einstök atriði viðkomandi þingmála). Kerfisáætlun Landsnets er ætlað að mæta þeim áherslum sem þarna koma fram og væntir Samorka því þess að flutningsmenn þessarar tillögu muni styðja tillögur um sterkari stöðu kerfisáætlunar, þannig að hún geti mætt þeim áherslum sem fram koma í níunda lið þeirrar tillögu til þingsályktunar sem hér er til umfjöllunar.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri

Skipingisstofnun
atvinnuveganefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. október 2014
Tilvísun: UST20140900150/bs

Pingsályktunartillaga um bráðaaðgerðir í byggðamálum, 19. mál. Umsögn


Umhverfisstofnun vísar í erindi nefndarsviðs Alþingis (atvinnuveganefndar) dags. 26. september sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu að þingsályktun vegna bráðaaðgerða í byggðamálum, sbr þingskjal 19 - 19. mál.


Umhverfisstofnun hefur farið yfir frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Hér er um að ræða aðgerðir sem allar eru í samræmi við stefnumótandi byggðaáætlun. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þrátt fyrir þann hraða sem oft felst í bráðaaðgerðum, þá gefist tími til að setja umræddar bráðaaðgerðir í lögformleg ferli þar sem könnuð verði umhverfisáhrif bæði í gegnum mat á umhverfisáhrifum áætlana og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda með það að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum umræddra aðgerða. Umhverfisstofnun telur jákvæðar þær aðgerðir sem lagðar eru til í 7. tölul. þingsályktunartillögunar sem lúta að framkvæmdum á vinsælum ferðamannastöðum og bendir stofnunin á að nú einnig liggur nú fyrir frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn í þágu náttúruverndar og þar sem markmiðið er að móta stefnu, samræma og forgangsraða tillögum um uppbyggingu og viðhald innviða fyrir ferðamenn.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur